

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/707
komudagur 6.1.2004

Egilsstöðum, 5. janúar 2004


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Austurlandsskóga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Austurlandsskógum barst framangreint frumvarp til umsagnar í með bréfi dagsettu 24.nóvember síðastliðnum.

Austurlandsskógar taka undir athugasemdir Skógræktar ríkisins dagsettar 12. desember 2003 um frumvarpið.

F.h. Austurlandsskóga.


Jóhann F. Þórhallsson

Meðfylgjandi: Umsögn Skógræktar ríkisins dagsett 12.12.2003.

Austurlandsskógar. Kt; 690301-3260 Miðvangi 2-4. 700 Egilsstöðum.
Sími.471-2184. fax.471-2172. Netfang. joi@skogur.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 12. 12. 2003

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í lagafrumvarpi þessu er margt til bóta miðað við núgildandi lög. Tvær breytingar orka þó mjög tvímælis og er vandséð að þær bæti lögina á nokkurn hátt, enda tengjast þær ekki yfirlýstum markmiðum með endurskoðun laganna eins og þeim er lýst á bls. 7 í frumvarpinu.

1. tillaga

Skógrækt ríkisins mótmælir eindregið b. lið, 1. gr. að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar og leggur til að sá liður verði felldur út.

Greinargerð:

Sumar framkvæmdir sem fallið geta undir þessi lög eru þess eðlis að það er beinlínis markmið að valda miklum breytingum. Meðal þeirra er skógrækt á skóglausu landi, sem breytir ávallt miklu í umhverfinu.

Eðlilegt markmið laganna er að þau aðstoði við ákvarðanatöku um hvort fara beri í tiltekna framkvæmd eður ei og hvort einhverjar leiðir séu færar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Hins vegar er þetta markmiðið þannig lagt fram að þar greinir ekki milli jákvæðra umhverfisáhrifa sem stjórnvöld og þorri almennings styður annars vegar og neikvæðra umhverfisáhrifa hins vegar. Öll möguleg umhverfisáhrif eru lögð að jöfnu og þau öll taldin neikvæð eða að minnsta kosti varhugaverð úr því að draga á eins og kostur er úr þeim.

Það hlýtur að vera þáttur í mati á umhverfisáhrifum að nota vísindalega þekkingu og heilbrigða skynsemi til að greina á milli þeirra umhverfisáhrifa framkvæmdar sem eru hættulitil eða jafn vel æskileg, s.s. stöðvun jarðvegsrofs með skógrækt, og þeirra sem eru óæskileg, s.s. röskun á búsvæði sjaldgæfrar lífverutegundar með skógrækt. Ofangreint ákvæði tekur frammi fyrir slíkri skynsemi or á því ekki heima í lögum.

2. tillaga

Lagt er til að a. liður 19. gr. verði:

a. D-liður 1. tölul. orðast svo: Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsvæðum svo og varanleg eyðing á náttúrulegum skógi.

Greinargerð:

Ákvæði um að undanskilja skógrækt þar sem fullnægjandi skipulagsáætlun liggur fyrir er til bóta miðað við núgildandi lög. Hér eru því aðeins tvær breytingar lagðar til.

Önnur er sú að í stað þess hafa 50 hektara sem viðmið í frumvarpinu haldist þau viðmið óbreytt frá núgildandi lögum og verði áfram 200 ha. Í athugasemdum við frumvarp til núgildandi laga lagði Skógrækt ríkisins til að miðað yrði við 1000 ha en í frumvarpinu þá stóðu 40 ha. Við setningu laganna varð niðurstaðan sú málamiðlun að miða skyldi við 200 ha. Forsendur hafa ekkert breyst síðan og reynslan sýnir að viðbrögð manna séu þau sem spáð var þá, þ.e.a.s. menn skipuleggja ekki stærri svæði til skógræktar en 199 ha til að forðast þann kostnað sem jafn vel tilkynning vegna mats á umhverfisáhrifum hefur í för með sér. Verði mörkin sett við 50 ha skipuleggja menn einfaldlega ekki stærri skógarreiti en 49 ha. Slíkt bindur hendur þeirra sem eru að hanna skóga og gerir þeim mun erfiðara fyrir með að láta skógrækt falla vel að landslagi. Auk þess verða skógrækt og framtíðar skógarnyttjar óhagkvæmari því smærri sem reitirnir eru. Flestir eru sammála því út frá landslagssjónarmiðum að rækta beri skóga á frekar stórum samfelldum svæðum og hafa önnur stór samfelld svæði skóglaus. Þetta yrði skref aftur á bak frá þeirri framtíðarsýn.

Hin breytingin er sú að lagt er til að orðin *varanleg eyðing* komi í stað *ruðningur* í síðasta málsli. Ástæðan er sú að óljóst er hvað átt sé við með ruðningi. Mönnum dettur helst í hug að farið sé með jarðyту um skóglendi en felling skógar með því að saga trén niður eða brenna er ekki endilega ruðningur. Mergur málsins er sá að það er varanleg eyðing skógar, þannig að hann endurnýi sig ekki, sem er áhyggjuefnið, ekki hvernig farið sé að því.

3. tillaga

Lagt er til að við bætist ný grein sem yrði 20. gr. og að núverandi 20. og 21. greinar verði 21. og 22. greinar. Greinin verði svohljóðandi:

20. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 3. viðauka laganna:

C-liður iii. liðs 2. tölul. orðast svo: fornleifa sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum og svæða inna 20 m fjarlægðar frá friðlýstum fornleifum.

Greinargerð

Í núgildandi lögum er miðað við 100 m fjarlægð frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum, sem eru allar fornleifar eldri en 100 ára. Í 11. gr. þjóðminjalaga er hins vegar einungis fjallað um verudarsvæði umlykjandi þær fornleifar sem eru friðlýstar og sem nær 20 m frá þeim. Breytingin er því til samræmingar.

F.h. Skógræktar ríkisins

Pröstur Eysteinnsson
þróunarstjóri